

Efnisyfirlit

1,0 Inngangur	1
2,0 Skýrsla stjórnar.....	1
2,1 Deiliskipulag urðunarsvæðisins.....	1
2,2 Meðhöndlun sláturúrgangs.....	1
2,3 Svæðisáætlun	2
2,4 Móttaka á riðusmituðum úrgangi.....	2
2,5 Hagsmunagæsla sveitarfélaganna á sviði úrgangsmála.....	3
2,6 Fenúrferð.....	3
2,7 Meðhöndlun seyru.....	4
2,8 Lokaorð.....	4
3,0 Skýrsla framkvæmdastjóra, fyrirtækið og starfsemi þess.....	5
3,1 Starfsmenn.....	5
3,2 Eignaraðilar	5
3,3 Afkoma.....	5
3,4 Gjaldskrá.....	6
3,5 Starfsemi á urðunarsvæðinu	6
3,6 Sorpmagn.....	7
4,0 Ýmis verkefni	7
4,1 Grænt bókhald.....	7
4,2 Landgræðsluverkefni	7
4,3 Landvernd – Vistvernd í verki.....	8
4,4 Soun.....	8
4,5 Undirbúningur söfnun dagblaða og umbúðaúrgangs.....	8
4,6 Metan.....	9
5,0 Viðaukar.....	9

17. mars 2006

BOMAG BC 572 RB, TROÐARI ÁRGERÐ 2006. 28,6 tonn, 303 hp.



1,0 Inngangur

Í þessari ársskýrslu Sorpstöðvar Suðurlands (SOS) sem samanstendur af skýrslu stjórnar og skýrslu framkvæmdstjóra fyrir starfsárið 2006 – 2007 er fjallað um störf stjórnarinnar á milli aðalfunda 7. september 2006 og 1. nóvember 2007, grein gerð fyrir starfsemi fyrirtækisins á síðasta ári og einnig fjallað um ýmis þau verkefni sem fyrirtækið hefur látið til sín taka eða verið þátttakandi í með öðrum aðilum. Allar tölfræðiupplýsingar miðast við almanaksárið 2006.

2,0 Skýrsla stjórnar

Í stjórn á tímabilinu voru:

Aðalmenn: Elfa Dögg Þórðardóttir, formaður (7.sept 2006 – 22. ágúst 2007), Ólafur Áki Ragnarsson og Örn Þórðarson.

Varamenn: Björn Bjarndal Jónsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Unnur Brá Konráðsdóttir. Skoðunarmenn; Elín Einarsdóttir og Guðmundur Þ. Guðjónsson

Frá aðalfundi hefur stjórnin haldið 13 formlega fundi auk aukaaðalfundar og annarra funda sem haldnir hafa verið um þau mál sem hafa verið á döfinni. Hér verður gerð grein fyrir þeim málum sem hafa verið á döfinni hjá stjórninni.

2,1 Deiliskipulag urðunarsvæðisins.

Tillögur að breyttu deiliskipulagi gengu á víxl milli Sveitarfélagsins Ölfus og Skipulagsstofnunar fram eftir hausti 2006. Sveitarfélagið Ölfus auglýsti svo breytt deiliskipulag á Kirkjuferjuháleigu þann 25. janúar 2007 , þar með tók breytt skipulag gildi.



2,2 Meðhöndlun sláturúrgangs

Sorpstöð Suðurlands leigði verksmiðju Förgunar á tímabilinu september 2005 til loka desember 2006. Áður en leigutími rann út höfðu sláturleyfishafar á Suðurlandi og SOS komið saman og hafið undirbúning að framhaldi verksmiðjunnar. S.S. og Reykjagarði var falið að kanna hjá KB banka með mögulega kaup sláturleyfishafa og SOS á verksmiðjunni. Í febrúar 2007 tilkynnir S.S. og Reykjagarður að gengið hafi verið frá kaupum á verksmiðju Förgunar og öðrum sláturleyfishöfum heimilt að losa þar sláturúrgang gegn hækkaðri gjaldskrá kr. 9,4 per kg. Minna var skilað af sláturúrgangi í

verksmiðjuna en áður og ákváðu eigendur að loka á vormánuðum þangað til tryggt væri að næg hráefni væru til staðar. Haldinn var aukaaðalfundur í Sorpstöð Suðurlands í júní þar sem aflað var heimildar til kaupa á hlut í Förgun ehf. Stórgripasláturhúsið á Hellu og Sorpstöð Suðurlands keyptu í framhaldinu hlut í verksmiðjunni og starfsemi hófst að nýju fyrrihluta sumars. Allur sláturúrgangur sem nú fellur til á svæðinu og uppfyllir móttökuskilyrði verksmiðjunnar er nú unnin í mjöl og fitu. Takmarkanir eru á móttöku á sláturúrgangi á Kirkjuferjuháleigu og er búist við að urðun á sláturúrgangi dragist verulega saman í kjölfarið.

Landbúnaðarstofnun kynnti í haust nýja reglugerð um meðferð og nýtingu á slátur og dýraleyfum. Í reglugerðinni er skilgreind flokkun á sláturúrgangi og möguleg nýting hvers flokks. Reglugerðin opnar fyrir fleiri möguleika á ráðstöfun afurða úr kjötmjölverksmiðjum en verið hefur sem gefur góðar vonir um framhald á rekstri verksmiðjunnar. SOS telur verksmiðjuna hafa mikilvægt hlutverk í öruggri úrgangsstjórnun í þessu mikla landbúnaðarhéraði.

2,3 Svæðisáætlun

Svæðisáætlun er unnin í samræmi við ákvæði 4. greinar laga nr. 55/2003 og reglugerðar nr. 738/2003, sem skylda sveitarfélög til að setja fram svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs sem taka mið af markmiðum laganna og landsáætlun Umhverfisstofnunnar Svæðisáætlunin felur í sér lýsingu á núverandi stöðu, þ.e. magni þess úrgangs sem fellur til, flokkun hans, uppruna og flæði, upplýsingar um fyrirkomulag á meðhöndlun úrgangs, upplýsingar um kostnað sveitarfélaga á því svæði sem áætlunin nær til við meðhöndlun úrgangs á árinu 2002, spá um líklega þróun á magni úrgangs á svæðinu til ársins 2020 og samanburð við markmið landsáætlun Umhverfisstofnunnar, m.a. um minnkun á urðun lífræns úrgangs í áföngum.

Sett er fram áætlun um aðgerðir til að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til sveitarfélaganna í lögum um meðferð úrgangs, sem og aðrar aðgerðir sem fela í sér möguleika til betri árangurs í meðhöndlun úrgangs

Samningur um úrvinnslu verkefna í samræmi við aðgerðaáætlun í sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020 var undirritaður í desember 2005.

Framkvæmdastjórar samningsaðila, Sorpstöðvar Suðurlands bs., Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf., Sorpu bs., og Sorpurðunar Vesturlands hf mynda verkefnisstjórn. Samið var við fimm verkfræðistofur um vinnu við skilgreind verkefni. Helstu verkefni eru val á nýjum leiðum til förgunar lífræns úrgangs og framtíðarfyrirkomulag reksturs urðunarstaða. Einnig hefur verið farið yfir rekstrarform á þeim lausnum sem mögulega yrðu valdar.

Niðurstöður ráðgjafa um meðferð lífræns úrgangs og urðunarstaði kom út í júní 2007 og hefur verið dreift til sveitarfélaganna. Meðal þess sem þar kemur fram er að hagstæðast er að velja blandaða lausn sem saman stendur af jarðgerð, gasgerð, orkuhleifs og brennslu. Árlegur rekstrarkostnaður hagstæðustu lausna er metinn á 3,1 – 3,4 milljarða og stofnkostnaður á bilinu 8,7 – 12,8 milljarðar.

Kostnaður við verkefnið árið 2008 er áætlaður 46,6 milljónir og hlutur Sorpstöðvar Suðurlands um 4,7 millj.kr.

2,4 Móttaka á riðusmituðum úrgangi

Óskir um urðun á riðusmituðum úrgangi á Kirkjuferjuháleigu hafa borist Sorpstöð Suðurlands í þeim tilfellum þegar riða greinist í sauðfé á Suðurlandi.

Urðun á slíkum úrgangi á Kirkjuferjuháleigu er háð undanþágu Umhverfisstofnunnar og álit Landbúnaðarstofnunnar m.a. vegna þess að starfsleyfi Sorpstöðvar Suðurlands innifelur ekki móttöku á smituðum úrgangi. Reglugerðir sem ná til smitaðs úrgangs krefjast brennslu á smitefnum fram yfir urðun sé þess kostur.

SOS telur að úræðaleysi í förgunarmálum vegna mögulegra smitsjúkdómatilfella sé töluvert áhyggjuefni, en ekki er í augnsýn lausn á þeim vanda. Aðstöðu til endanlegrar eyðingar smitefna og smitaðs úrgangs vantar ef kæmi upp minni eða stærri tilfelli smitsjúkdóms í landbúnaði.

2,5 Hagsmunagæsla sveitarfélaganna á sviði úrgangsmála.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur leitað til sveitarfélaganna og fyrirtækja sveitarfélaganna um að gera samkomulag um aukna hagsmunagæslu íslenskra sveitarfélaga og fyrirtækja sveitarfélaga á sviði úrgangsmála. Um er að ræða þriggja ára tilraunaverkefni sem felur í sér ráðningu á einum starfsmanni sem mun meðal annars fylgjast með stefnumótun í úrgangsmálum hjá ESB, sinna samskiptum við umhverfisaráðuneyti, Úrvinnslusjóð og aðra hagsmunaaðila. Samstarfsaðilar skipa verkefnisstjórn og greiða kostnað vegna verkefnisins. Sorpstöð Suðurlands hefur samþykkt að gerast samstarfsaðili verkefnisins fyrir sveitarfélögin á Suðurlandi og greiða hlut aðildarveitarfélaganna.

2,6 Fenúrferð

Sorpstöð Suðurlands sendi þrjá fulltrúa í haustferð Fenúr (Fagråd um endurnýtingu og úrgang) sem farin var til Danmerkur og Svíðjóðar í september. Skoðuð voru mismunandi meðferðarúrræði hjá:

-RGS 90 í Kaupmannahöfn, þar er tekið við byggingarúrgangi, og menguðum jarðvegi. Mest af byggingarúrganginum s.s. múrsteinum, steypu, timbri og plasti var endurunnið og mengaði jarðvegurinn hreinsaður með hjá örvera og rafmagns. Jacob Simonsen frá Renosam hélt hjá RGS90 erindi um landsáætlun Danmerkur og stefnu danskra yfirvalda um úrgang.

-Solum Gruppen í Holbæk. Aikan jarðgerðar og gasvinnslustöðin skoðuð. Stöðin tekur við lífrænum heimilis og garðaúrgangi og umbreytir í moltu og metangas.

-Nordforbrænding, norðan Kaupmannahafnar. Byrjað var á að skoða nýjan gámavöll sem byggður var á tveimur hæðarplönum og hýsti um 30 mismunandi flokka. Brennslustöðin samanstendur af þremur brennslulínunum. Um er að ræða ristarbrennslu með vothreinsibúnaði og pokasíum. Stöðin tekur við úrgangi frá rúmlega 200þ. íbúum. Orkan frá brennslunni er nýtt sem rafmagn (7,4 MW) og heitt vatn (41 MW).

-Asens atervinningscentral í Bromölla á Skáni. Þar var skoðuð einfaldur gámavöllur og Optibag flokkunarstöð. Í slíkri stöð eru vélar sem flokka mislita poka sem fólk hefur flokkað úrgang í. Jarðgeranlegur úrgangur settur í græna poka, brennanlegan í rauðan osfrv. Kosturinn við þetta fyrirkomulag að einungis er ein tunna við hvert heimili.

-Sysav í Malmö. Byrjað var á kynningu á fyrirtækinu sem er í eigu 14 sveitarfélaga á Skáni og þjónar 620 þ. íbúum. Í framhaldinu var skoðuð móttöku og vinnslustöð fyrir raftækjaúrgang.

-Endað var á að skoða nærliggjandi gámavöll.

Frekari upplýsingar um ferðina má finna í fréttablaði Fenúr, www.fenur.is

2,7 Meðhöndlun seyrú.

Magn seyrú frá fráveituhreinsun sveitarfélaga og fyrirtækja hefur verið að aukast nokkuð og fyrirsjáanleg er frekari aukning á slíkum úrgangi. Takmörk eru fyrir því hversu mikið af slíkum úrgangi er hægt að meðhöndla á hverjum tíma með núverandi verklagi. Undirbúningur við að finna aðra leið fyrir fráveituúrgang sveitarfélaganna er stutt á veg kominn. Nauðsynlegt er að hefja þá vinnu þar sem styttest í lokun Kirkjuferjuháleigu og kostnaðarsamt væri að aka með seyrúna langar leiðir til förgunar.

2,8 Lokaorð.

Farin er af stað öflugur undirbúningur að hönnun framtíðarlausna í úrgangsstjórnun á Suðvesturhorninu. Ákvörðun um staðsetningu urðunarstaða er hluti af þeirri vinnu en sá tími sem eftir er á Kirkjuferjuháleigu styttest hratt. Þessi málaflökkur er í hraðri þróun og stöðugt koma fram kröfur og nýir möguleikar, nærtækasta dæmið þar um er Úrvinnslusjóður. Þeim úrgangsflokkum sem lagt er á úrvinnslugjald fjölga stöðugt. Mikilvægt er að fylgjast með allri þessari þróun og bera hana saman við þær aðstæður sem við búum við. Þannig geta sveitarfélögin mögulega dregið úr annars vaxandi kostnaði og jafnframt aukið hlutfall þess úrgangs sem ekki þarf að fara í urðun.

Töluvert vantar upp á að tekjur sveitarfélaga séu í samræmi við útlagðan kostnað vegna sörpmeðhöndlunar. Að framfylgja mengunarbótareglunni, með öðrum orðum að innheimta raunkostnað vegna sörpmeðhöndlunar, hraðar úrbótum á sviði úrgangsmeðhöndlunar.

Upplýsingar um magn og kostnað hvað meðhöndlun sorps varðar eru mikilvægar forsendur og þar af leiðandi mikilvægt að reynt sé eftir fremsta megni að halda slíkum upplýsingum aðgengilegum

Að lokum þakkar stjórn og framkvæmdastjóri starfsmönnum, aðildarsveitarfélögum og öðrum sem samskipti hafa átt við fyrirtækið fyrir samstarfið undanfarið ár.

UNNIÐ AÐ GERÐ REINAR NR. 8



3,0 Skýrsla framkvæmdastjóra, fyrirtækið og starfsemi þess.

3,1 Starfsmenn

Fastir starfsmenn fyrirtækisins í fullu starfi eru þrír. Guðmundur Tryggvi Ólafsson er framkvæmdastjóri. Arnar Árnason stjórnar rekstri urðunarsvæðisins eins og hann hefur ger síðast liðin 25 ár. Með honum starfar Kristinn Sigtryggsson vélamaður. Afleysingamaður starfaði á urðunarsvæðinu í sumar.

3,2 Eignaraðilar

Eignaraðilar Sorpstöðvar Suðurlands eru nú samtals 9. Sorpstöð Rangárvallasýslu hefur á bak við sig 3 sveitarfélög þannig að í raun eru 11 sveitarfélög á Suðurlandi sem standa að Sorpstöðinni. Eignarhlutföll, sem miðast við eigið fé Sorpstöðvarinnar um síðustu áramót, eru sýnd í eftirfarandi töflu sem og hlutdeild eignaraðilanna í eigin fé fyrirtækisins:

Eignarhlutföll og skipting eigin fjár í Sorpstöð Suðurlands 2006			
Eignaraðilar	Íbúafjöldi (1	Eignarhlutfall	Eignarhlutur
Árborg	7311	40,8	61.444.024
Bláskógabyggð	928	5,2	7.799.214
Flóahreppur	559	3,1	4.698.018
Grímsnes- Grafningshreppur	376	2,1	3.160.026
Hrunamannahreppur	786	4,4	6.605.800
Hveragerði	2.184	12,2	18.355.047
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	528	2,9	4.437.484
Sorpstöð Rangárvallasýslu	3.382	18,9	28.423.429
Ölfus	1.846	10,3	15.514.385
Alls	17.900	100,0	150.437.427
Eigið fé samtals			150.437.427
1) Heimild:Hagstofa Íslands	31. 12. 06		

3,3 Afkoma

Afkoma fyrirtækisins af reglulegri starfsemi var góð á síðasta ári. Rekstrarafgangur eftir afskriftir og fjármagnsgjöld og fyrir óregluleg gjöld varð um 18,9 milljónir króna. Eiginfjárstaða fyrirtækisins er sterk og er eigið fé fyrirtækisins nú rúmlega 150 milljónir króna. Handbært fé í árslok er um 56 milljónir króna og lækkar um 21 milljón króna á milli ára, sem skýrist aðallega af troðarakaupum. Staða fyrirtækisins er því traust sem er mikilvægt því fyrirsjáanlegt er að nýjar framtíðarlausnir hafa mikinn kostnað í för með sér. Mjög mikilvægt er að tryggja áframhaldandi trausta fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Bæði til að standa með hagkvæmum hætti að kostnaðarsömum framkvæmdum og einnig til að geta brugðist við sívaxandi kröfum sem m.a. birtast í tilskipunum Evrópusambandsins sem nú hafa verið lögteknað m.a. um rekstur urðunarsvæða. Helstu ástæður meiri hagnaðar en gert var ráð fyrir er að magn úrgangs varð meira en gert hafði verið ráð fyrir og að lokafrágangi eldri reina er ekki að fullu lokið, einnig var hægt að nota uppgröft úr rein 9 við lokaframgang og þannig spara aðflutt efni .

3,4 Gjaldskrá

Gjaldskrá hækkaði 1.janúar 2007 um 5 % í samræmi við verðlagsþróun samkvæmt ákvörðun stjórnar og heimild síðasta aðalfundar.

Samkvæmt samþykktum Sorpstöðvarinnar skal aðalfundur ákvarða endanlega um gjaldskrá og leggur stjórn til að aðalfundur staðfesti 3 % hækkun á gjaldskrá frá 1. janúar 2008, með heimild til stjórnarinnar að hún geti endurskoðað hana og breytt ef rík ástæða þykir til.

Gjaldskráin er eftirfarandi:

Gildir frá 1. janúar 2007

Gjald fyrir sorp frá aðildarsveitarfélögum	kr. 3.55 pr/kg.
Gjald fyrir ómeðhöndlaðan sláturúrgang	kr. 6.94 pr/kg.
Gjald fyrir meðhöndlaðan sláturúrgang	kr. 4.25 pr/kg.
Gjald fyrir annað aðflutt sorp	kr. 6.72pr/kg.
Gjald fyrir seyru	kr. 1.42 pr/kg.
Afgreiðslugjald pr. losun	kr. 1.110

Heimild er til að leggja á álag vegna óhefðbundins úrgangs

Allar tölur eru án 24,5 % virðisaukaskatts.

3,5 Starfsemi á urðunarsvæðinu

Starfsemi í Kirkjuferjuháleigu hefur á síðasta starfsári verið viðburðarík. Lokið var við að urða í rein 8. Snemma árs 2007 lauk Ræktunarsamband Flóa og Skeiða við rein 9 og hófst urðun þar í framhaldinu. Verksmiðja Förgunar í Heiðargerði 5 hefur tekið minna af sláturúrgangi það sem af er árinu 2007 en árin á undan og aukið magns sláturúrgangs þar af leiðandi urðað á Kirkjuferjuháleigu með tilheyrandi vinnu, en urðun sláturúrgangs krefst töluvert meiri vinnu en urðun hefðbundins úrgangs. Rok og vetrarveður gerðu síðustu metrana í rein 8 erfiða. Í Kirkjuferjuháleigu er ekki almenn móttaka á sorpi, einungis er tekið á móti úrgangi frá sorphirðum og fyrirtækjum að undanskildum bændum í næsta nágrenni þar sem ekki er nálægur gámaöllumur í sveitarfélaginu. Nýr troðari var keyptur vorið 2006.

Umhverfisstofnun kom í reglulegt eftirlit þann 6. júní 2006. Ekki voru gerðar athugasemdir við starfsemina.

ÝMISLEGT KEMUR TIL URÐUNAR, HÉR ER HLUTI AF EIKARBÁTNUM MÁNA GK



3,6 Sorpmagn.

Á árinu 2006 (2005) nam innvegið magn sorps samtals 20.840 (20.580) tonnum sem er 1,3 % aukning frá árinu 2005. Í viðauka 1 er að finna sundurliðun á þeim úrgangsstraumum sem berast til urðunar í Kirkjuferjuháleigu.

Sveitarfélögin á Suðurlandi skila samtals 14.517 (13.613) tonnum til urðunar sem er 6,6 % aukning frá fyrra ári, en það er þó ekki heildartala úrgangs frá sveitarfélögum í Árneshöfði og Rangárvallasýslum þar sem einnig fer fram urðun hjá Sorpstöð Rangárvallasýslu.

Tekið var við 31 % minna af sláturúrgangi en árið á undan. Gámafyrirtækin skiluðu 3.128 tonni sem er 4 % minnkun milli ára.

Aðrir, sem eru einstök fyrirtæki á svæðinu, komu með 1.258 tonn sem er 39% aukning. Tróð er notað sem þekjuefni á urðunarsvæðinu. Flutt voru 4.816 tonn af tróði frá Furu hf. á árinu í þessu skyni.

Fjöldi farma sem tekið var við voru 6.798 (6.977).

4,0 Ýmis verkefni

4,1 Grænt bókhald.

Sorpstöð Suðurlands hefur frá síðasta aðalfundi skilað Grænu bókhaldi til umhverfisstofnunar fyrir árið 2006, er það gert í samræmi við ákvæði laga nr. 851/2002. Grænt bókhald er í stuttu máli samantekt á starfsemi fyrirtækisins þar sem fram kemur hversu mikið er tekið við af úrgangi og hver hráefnanotkunin er á sama tíma. Nánar um grænt bókhald í viðauka 2.

4,2 Landgræðsluverkefni.

Í samstarfi við Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs, Landgræðslu ríkisins og Sláturfélag Suðurlands var sumar og haust árið 2006 dreift töluverðu af kjötmjöli á sviðflugvöllin á Sandskeiði og tiltekin svæði vestur af Þorlákshöfn. Ári seinna mátti sjá mjög góð áburðar áhrif á svæðunum og athyglivert verður að fylgjast með svæðunum næstu árin.

GRÓANDI BORINN Á SVIFFLUGVÖLLINN



4,3 Landvernd - Vistvernd í verki.

Verkefni á vegum Landverdar, Vistvernd í verki, hefur verið starfrækt í fimm ár. Verkefnið er miðað að heimilum og er ætlað að uppfæða heimilin um leiðir og lausnir til að draga úr álagi á umhverfið. Ekki er um átaksverkefni að ræða heldur sífelldan aflvaka góðra verka í umhverfismálum íslenskra heimila. Sorpstöðin ákvað að styrkja verkefnið með 250 þúsund króna framlagi sem væntanlega skilar sér í fjölgun þátttakenda í vishópum á Suðurlandi.

4,4 Són

Neysluvenjur íslenskra heimila og sá úrgangur sem þar verður til hefur ekki verið mikið rannsakaður, réttara er í þessu samhengi að tala um umframneyslu eða sóun á vörum sem verða að úrgangi. Ástæður og umfang sóunarinnar eru aðalatriði samstarsverkefnis Sorpstöðvar Suðurlands, Sorpu, Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja, Neytaendasamtakanna, Landverndar og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Um er að ræða könnun á neysluvenjum og afstöðu til endurvinnslu sem send var 3000 manna slembiúrtaki. Gert er ráð fyrir að niðurstöður könnunarinnar gefi mikilvægar upplýsingar um umfang sóunar og hvernig þá mögulega megi draga úr sóun og þar með úrgangi. Eiginlega er um að ræða markaðrannsókn með öfugum markmiðum.

4,5 Undirbúningur söfnun dagblaða og umbúðaúrgangs.

Sorpstöð Suðurlands hefur frá því í vor undirbúið verkefni sem gengur út á að auka skil á flokkuðum úrgangi frá heimilum til endurvinnslu. Sagt hefur verið upp samningi við Gámaþjónustuna hf. sem þjónustað hefur grenndargámakerfið fyrir dagblöð og fernur síðan 1996. Öll aðildarsveitarfélög Sorpstöðvar Suðurlands að Hveragerði undanskildu taka þátt í undirbúningnum.

Úrgangsflokkarnir sem um ræðir eru dagblöð, sléttur pappi, bylgjupappi, niðursuðudósir, hart plast og plastfilma. Gert er ráð fyrir að sett verði upp grenndargámakerfi ásamt því að 240 lítra plasttunnur undir fyrrnefnda flokka verða boðnar heimilum í þéttbýli.

Ein grunnforsendan fyrir því hvort og hvernig nákvæmlega verður staðið að verkefninu er lífferilsgreining (LCA), en slík greining segir til um hvort verkefnið sé umhverfislega réttlæt看leg eða ekki. Nánar í viðauka 3

ÁÆTLAÐ ER AÐ UM 1000 TONN AF DAGBLÖÐUM FALLI TIL Á SUÐURLANDI ÁRLEGA.



4,6 Metan.

Verkfræðistofan VGK-Hönnun hefur verið fengin til þess að meta möguleikan á að safna Metangasi á Kirkjuferjuháleigu. Könnunin innifelur meðal annars áætlað gasmagn sem verður til, tillögur að gassöfnunarkerfi og mismunandi nýtingarmöguleikum.

5,0 Viðaukar

Viðauki 1; Sorpmagn til urðunar og endurvinnslu 2006.

Viðauki 2; Grænt bókhald 2006.

Viðauki 3; Söfnun á dagblöðum og umbúðaúrgangi.

NÓG AÐ GERA



VIÐAUKI 1

Sorpstöð Suðurlands	Íbúar 1.12.2006	Urðað (1) Tonn	Dagblöð Tonn	Fernur Tonn
Ásahreppur	158	22		
Bláskógabyggð	928	2.233	26	1,7
Flóahreppur	559	452		
Grímsnes og Grafnings	376	1.852	12	1
Hrunamannahr	786	938	7	0,3
Hveragerði	2.184	2.069	56	1,5
Ranárb. Eystra	1.696	570	18	0,6
Rangárb. Ytra	1.528	638	21	1,3
Skeiða og Gnúpverjahr	528	667	5	0,5
Árborg	7.311	3.444	271	13
Ölfus	1.846	1.632	28	1,4
Sláturúrgangur, þar með talið kjötmjöl		1.938		
Gámafyrirtæki		3.128		
Aðrir		1258		
Samtals	17.900	20.841	444	21,3

(1) Urðaður blandaður úrgangur, athugið magntölur frá Sorpstöð Rang vegna Strönd ekki innifaldar Íbúar 1.des. 2006 samtals 17.900

3,8 % Fólksfjölgun milli 2004 og 2005

Ath ekki fleiri úrgangsflokkar s.s. járn, dekk og spilliefni hafðir með þar sem upplýsingar um magn hefur ekki fengist frá viðkomandi aðilum

Sorpstöð Suðurlands	Íbúar	Urðað (1)	Dagblöð	Fernur
	1.12.2005	kg/íbúa	kg/íbúa	kg/íbúa
Ásahreppur	158	139	0	0
Bláskógabyggð	928	2406	28	2
Flóahreppur	559	809	0	0
Grímsnes og Grafnings	376	4926	32	3
Hrunamannahr	786	1193	9	0
Hveragerði	2.184	947	26	1
Ranárp. Eystra	1.696	336	11	0
Rangárp. Ytra	1.528	418	14	1
Skeiða og Gnúpverjahr	528	1263	9	1
Árborg	7.311	471	37	2
Ölfus	1.846	884	15	1
Meðaltal	17.900	790	26	1

(1) Urðaður blandaður úrgangur, athugið magntölur frá Sorpstöð Rang vegna Strönd ekki innifaldar

Ath sumarhúsabyggð hefur áhrif þar sem sumarhúsaeigendur eru ekki skráðir íbúar.

Urðað á Kirkjuferjuháleigu 2006



